

LANDSRÉTTUR

Úrskurður fimmtudaginn 6. júní 2019.

Mál nr. 329/2019:

Lífeyrissjóður bankamanna

(Jónas Friðrik Jónsson lögmaður)

gegn

Landsbankanum hf.,

(Andri Árnason lögmaður)

Seðlabanka Íslands,

(Arnar Þór Stefánsson lögmaður)

Valitor hf.,

(Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður)

Reiknistofu bankanna hf.,

(Eva B. Helgadóttir lögmaður)

Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja og

(enginn)

íslenska ríkinu

(Einar Karl Hallvarðsson lögmaður)

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Kristbjörg Stephensen, Ragnheiður Harðardóttir og Sigurður Tómas Magnússon kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Sóknaðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 7. maí 2019 sem barst réttinum 8. sama mánaðar. Kærumálgögn bárust réttinum 20. þess mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. apríl 2019 í málinu nr. E-3250/2018 þar sem kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðilum, að frátalinni þriðju varakröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila íslenska ríkinu, var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- 2 Sóknaðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.
- 3 Varnaraðilinn Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Landsrétti. Aðrir varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar auk kærumálskostnaðar.

Niðurstaða

- 4 Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 hafa dómstólar vald til að dæma um hvert það sakarefni sem lög og landsréttur ná til nema það sé skilið undan lögsögu þeirra

samkvæmt lögum, samningi, venju eða eðli sínu. Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggjörninga má víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, sbr. þó 36. gr. c sömu laga. Hið sama á við um aðra löggjörninga.

- 5 Aðalkrafa sóknaraðila í efnisþætti málsins og fyrsta og önnur varakrafa hans lúta að því að nánar tilgreindu samkomulagi, sem sóknaraðili kveður hafa komist á milli hans og varnaraðila eða fyrirrennara þeirra á árinu 1997, verði breytt á þann hátt að í lok þess komi viðbótarákvæði nánar tilgreinds efnis. Eins og sóknaraðili hefur þannig afmarkað sakarefni málsins með kröfugerð sinni er ótvírætt að það fellur undir lög og landsrétt í skilningi 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991, enda fellur það skýrlega undir orðalag framangreindrar 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 sem sóknaraðili hefur vísað til um grundvöll kröfugerðar sinnar í efnisþætti málsins.
- 6 Varnir varnaraðila sem lúta að því að 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 heimili ekki breytingar af því tagi sem kröfur sóknaraðila í efnisþætti málsins hljóða um, þar með talin sú málsástæða að kröfur sóknaraðila lúti að samningsgerð fremur en að breytingum á samningi, varða efnishlið málsins og leiða til sýknu ef á þær verður fallist. Hið sama gildir um varnir varnaraðila Landsbankans hf. þess efnis að hann sé ekki aðili þess samkomulags sem kröfur sóknaraðila lúta að.
- 7 Ekki verður fallist á með varnaraðilum að málatilbúnaður sóknaraðila sé svo vanreifaður að varði frávísun á þessu stigi málsins. Töluleg kröfugerð sóknaraðila er reist á matsgerð tryggingastærðfræðings sem dómkvaddur var að beiðni sóknaraðila til að meta hver hefði verið heildargreiðsla varnaraðila vegna fyrrgreinds samkomulags ef lagðar hefðu verið því til grundvallar nánar tilgreindar tryggingafræðilegar forsendur. Þótt varnir varnaraðila séu meðal annars á því reistar að kröfugerð sóknaraðila eigi sér að þessu leyti ekki fullnægjandi stoð í matsgerðinni og forsendum hennar verður ekki talið að hún sé svo vanreifuð að varnaraðilum sé ekki kleift að halda uppi viðhlítandi vörnum í málinu. Þá er ekki loku fyrir það skotið að nánari skýringar á kröfugerð sóknaraðila að þessu leyti komi fram undir rekstri málsins.
- 8 Þá verður ekki séð að þær skyldur sem sóknaraðili krefst að lagðar verði á varnaraðila með breytingum á áðurgreindu samkomulagi séu óskiptar með aðilum sem ekki hefur verið gefinn kostur á að svara til sakar í málinu en sóknaraðili hefur beint sjálfstæðri kröfu að hverjum varnaraðila um sig og byggt á því að sú ábyrgð sem hann kveður kröfur sínar reistar á sé skipt. Þá er þess að gæta að sóknaraðili hefur gefið öllum aðilum samkomulagsins sem enn eru til staðar, svo og aðilum sem hann kveður hafa tekið við réttindum og skyldum upphaflegra aðila þess, kost á að svara til sakar í málinu en samkvæmt gögnum sem sóknaraðili lagði fram við meðferð málsins fyrir Landsrétti var félaginu Landsvaka ehf. slitið 28. desember 2017. Því verður ekki fallist

á með varnaraðilum að skilyrði bresti samkvæmt 18. gr. laga nr. 91/1991 til að fjalla efnislega um kröfur sóknaraðila.

- 9 Samkvæmt öllu framansögðu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.
- 10 Eftir atvikum er rétt að kærumálskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Rétt endurrit staðfestir

Gjald: 900 kr.

